

1. fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðland að Fjallabak

Fundur var haldinn á Hellu 13. júní 2017 kl. 10:30-12:00

Fundarmenn:

Hákon Ásgeirsson, Umhverfisstofnun
Hildur Vésteinsdóttir, Umhverfisstofnun (sem ritaði fundargerð)
Hringur Hilmarsson, Umhverfisstofnun
Kristinn Guðnason, Rangárþingi ytra
Sigurgeir Guðmundsson, Rangárþingi ytra

Dagskrá fundar

- Samráðsáætlun
- Verk- og tímaáætlun
- Framtíðarsýn fyrir svæðið.

Fundarefni

Samráðsáætlun

Kynnt voru drög að samráðsáætlun vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið. Veittur var frestur til að gera athugasemdir til 19. júní, en þá verður skjalið sett á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Auðvelt er að bæta við samráðsaðilum á áætlunina ef þurfa þykir og verður skjalið þá uppfært samhliða.

Verk- og tímaáætlun

Kynnt drög að verk- og tímaáætlun. Áætlunin samþykkt en verður uppfærð eftir því sem vinnunni vindur fram.

Framtíðarsýn

Umræður um framtíðarsýn fyrir svæðið. Fram kom að nauðsynlegt er að samræmi sé milli gildandi skipulags á svæðinu og stjórnunar- og verndaráætlunarinnar.

Umræður voru um eftirfarandi:

- Það er til nýtingaráætlun fyrir svæðið sem tekur til nýtingar í tengslum við sauðfé og landgræðslu. Ekki er til nýtingaráætlun sem fjallar um ferðamennsku.
- Umræður um lokanir á svæðinu á vorin og hvernig staðið skuli að þeim. Sagt frá því að til stendur að færa hliðið sem lokar Dómadalsleið innar svo hægt verði að aka að Heklu og að til standi að bæta merkingar og hlið. Einnig sagt frá minnisblaði sem Umhverfisstofnun, Vatnajökulsþjóðgarður og Vegagerðin hafa unnið og fjallar um akstursundanþágur á hálendið á friðlýstum svæðum á lokunar-tíma og forsendur fyrir opnun svæðisins á vorin.
- Jökulgil. Svæðið er afar sérstakt og umræður um að þar skuli vera aukin vernd, mögulega þannig að þangað skuli aðeins fara í fylgd með starfsmanni svæðisins.
- Takmarkanir á fjölda ferðamanna. Velt upp hugmynd um að ferðamenn skuli skrá sig inn á svæðið og aðrar leiðir sem færar væru til að ná til ferðamanna á svæðinu.

- Umræður um færslu bygginga í Landmannalaugum líkt og fjallað hefur verið um í tillögu að deili-skipulagi.
- Staða friðlands að Fjallabaki á rauðum lista. Helstu þættirnir eru álag í Landmannalaugum og akstur utan vega.
- Svæðaskiptingu. Rætt um að skilgreina svæði þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu og svæði sem njóta þurfi sérstakrar verndar. Til greina kemur að bæta við fleiri svæðaflokkunum eftir því sem þurfa þykir. Mögulegt er að mismunandi umgengnisreglur gildi á hverju svæði fyrir sig.
- Vegir og slóðar. Sveitarfélagið hefur kortlagt og skilgreint vegi innan friðlandsins. Umræður um kortlagninguna sem þarf að yfirfara. Rætt um að kort sem sýnir vegi, reiðvegi o.fl. fylgi áætluninni. Bent var á nokkra slóða sem þarf annað hvort að laga eða loka.
- Björgunarstörf. Umræður og bent á að með auknum fjölda ferðamanna getur slysum fjölgað. Björgunarsveitir þurfa að geta sinnt störfum sínum án þess að þurfa t.d. að sækja um leyfi til aksturs utan vega ef um er að ræða forgangsútköll. Rætt um að samráð verði milli Umhverfisstofnunar og Flugbjörgunarsveitarinnar á Hellu vegna þessa.
- Samráð. Umræður um að miklir hagsmunir séu á svæðinu og samráð því einstaklega mikilvægt. Rætt um fyrirkomulag samráðsfunda með samráðsaðilum og rætt um nokkrar leiðir til að samráðið verði sem skilvirkast. Samstarfshópurinn mun taka ákvörðun um fyrirkomulag samráðsfunda þegar vinna verður komin lengra.

Næstu skref

Fulltrúar Umhverfisstofnunar munu vinna drög að 1. og 2. kafla og senda á samstarfshópinn. Gert er ráð fyrir að næsti fundur verði á haustmánuðum 2017 þegar fyrir liggja drög að 1. og 2. kafla.

Umhverfisstofnun mun boða til næsta fundar á haustmánuðum.